

FUNDARBOÐ

**1981. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, þriðjudaginn 29.
september 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2609215 - Þróun og úthlutun lóðar fyrir tímabundna búsetu, samkomulag

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.september sl.

Þróun og úthlutun lóðar fyrir tímabundna búsetu, samkomulag.

Meirihluti bæjarráðs samþykkir með fjórum atkvæðum gegn einu frá fulltrúa Miðflokks fyrirbyggjandi samkomulag og felur bæjarstjóra að undirrita samkomulagið sem verður svo sent bæjarstjórn til endanlegrar staðfestingar.

Bókun fulltrúa Miðflokksins:

Samkomulagið vekur fleiri spurningar en það svarar. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að úthluta tilteknu einkahlutafélagi lóðum á um tíu hektara svæði undir 260 íbúðareiningar fyrir starfsmenn fyrirtækja í verkefnatengdri vinnu. Búsetan verður bundin við vinnusamband, fjölskyldubúseta er ekki fyrirhuguð og húsnæðið verður utan hins almenna leigumarkaðar. Veruleg hætta er á að slíkt starfsmannahverfi verði einsleitt og félagslega einangrað frá nærsamfélaginu. Saga braggahverfanna í Reykjavík sýnir að tímabundið húsnæði getur orðið mun langlífara en upphaflega var ráðgert og skapað viðvarandi húsnæðis- og skipulagsvanda.

Þá liggur ekki fyrir fullnægjandi rökstuðningur fyrir því að einum einkaaðila sé tryggð lóðaúthlutun, undanþága frá gatnagerðar- og innviðagjöldum og skilyrtur réttur til síðari lóðaúthlutunar undir varanlega íbúðabyggð. Ekki verður heldur séð að fram hafi farið auglýsing, samanburður við aðra aðila eða sjálfstætt mat á verðmæti þeirra réttinda sem samkomulagið veitir.

Fulltrúi Miðflokksins fær ekki séð að samkomulagið sé Hafnarfjarðarbæ í hag og getur því ekki samþykkt það af sinni hálfu.

2. 1809320 - Siðareglur kjörinna fulltrúa

3. liður úr fundargerð forsetanefndar frá 21. september sl.

Til umræðu.

Forsetanefnd vísar málinu til bæjarstjórnar til umræðu og skoðunar.

3. **2603502 - Hraun Vestur Hjallar, reitur 3.3, breyting á deiliskipulagi**

Tekið fyrir á ný.

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.apríl sl.

Sveinn Bjarki Þórarinnsson fh. lóðarhafa sækir 18.3.2026 um breytingu á deiliskipulagi Hrauns vesturs, Hjallar, reitur 3.3. Tillagan gerir ráð fyrir 6 fjölbýlishúsum á 4-5 hæðum auk kjallara samtals 240 íbúðir og 600 fm. atvinnuhúsnæði. Skipulagshöfundar mæta til fundarins og kynna.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu að deiliskipulagi reitar 3.3, Hraun vestur Hjallar.

Orri Björnsson tekur til máls. Guðmundur Árni Stefánsson tekur til máls. Orri kemur að andsvari. Guðmundur Árni svarar andsvari.

Samþykkt samhljóða.

4. **2607215 - Hellubraut 9, breyting á deiliskipulagi**

Áður á dagskrá bæjarstjórnar 9.september sl.

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.september sl.

Lögð fram umsókn Sigríðar Arngrímsdóttur f.h. lóðarhafa um breytingu á deiliskipulagi. Óskað er eftir að rífa núverandi hús og reisa nýtt hús. Ný bygging verður ein hæð ásamt kjallara sem verður að hluta til niðurgraffinn.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa og kynna fyrir nágrönnum tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hellubrautar 9.

5. **2208015 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2026-2038**

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22. september sl.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 22. apríl sl. var samþykkt uppfærð tillaga að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025-2040. Tillagan var í auglýsingu 7.5.-18.6.2026. Kynningarfundur var haldinn að Ásvöllum 20. maí sl. Athugasemdir sem bárust á kynningartíma voru lagðar fram í skipulags- og byggingarráði 23.6.2026. Lögð fram viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar við framkomnum athugasemdum ásamt uppfærðri tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025-2040.

Fulltrúar Viðreisnar, Sjálfstæðisflokks, Samfylkingarinnar og Framsóknar í skipulags- og byggingarráði taka undir svör við athugasemdum og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025-2040. Fulltrúi Miðflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Miðflokksins bókar: Forsendur aðalskipulagsins byggir á framkvæmdum samgöngusáttmálans og Borgarlínu, þótt samgöngusáttmálinn sé ekki fullfjármagnaður og óvissa ríki um framvindu hans. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar ef Borgarlínan og aðrar lykilframkvæmdir tefjast eða koma ekki til framkvæmda. Fulltrúi Miðflokksins telur mikilvægt að það liggi fyrir áður en aðalskipulag er samþykkt.

Meirihluti skipulags- og byggingarráðs bókar: Aðalskipulag Hafnarfjarðar er

áætlun og framíðarsýn bæjarins í skipulags- og byggingarmálum til ársins 2040. Þar er fjallað m.a. um uppbyggingu íbúðar-, atvinnu- og iðnaðarhúsnæðis ásamt samgöngumálum ofl. Aðalskipulagið byggir þannig á margvíslegum áætlunum s.s. um fjölgun íbúa ofl. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sem aðalskipulagið byggir á þá er Borgarlína á áætlun og ekki ástæða til að gera mat um annað.

6. 2607281 - Suðurbakki, þjónustuhús, breyting á deiliskipulagi

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22. september sl. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12.08.2026 var samþykkt að grenndarkynna með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga tillögu að breyttu deiliskipulagi Suðurbakka Hafnarfjarðar. Tillagan gerir ráð fyrir þjónustuhúsi Á Suðurbakka, á reit 4.1 norðan Fornubúða 5, verði ný lóð og byggingarreitur innan hennar fyrir þjónustuhús skemmtiferðaskipa. Stærð lóðarinnar er 325,2 fm. Tillagan var grenndarkynnt frá 14.08.2026 til 11.09.2026. Lögð fram svör við framkomnum athugasemdum. Lagður fram uppfærður uppdráttur í samræmi við framkomnar athugasemdir.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurbakka, reitur 4.4, vegna nýrrar lóðar undir þjónustuhús.

7. 2506152 - Skólabraut 5, breyting á deiliskipulagi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22. september sl. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 01.10.2025 var samþykkt að grenndarkynna erindi Jóns Grétars Magnússonar f.h. lóðarhafa um breytingu á deiliskipulagi. Tillaga gerir ráð fyrir breytingu á legu byggingarreits þannig að hann verði samsíða Hverfisgötu 56 og 58. Hámarksnýtingarhlutfall hækkar í 0,45. Fyrirhugað er að reisa einnar hæða hús með kjallara og risi á lóðinni. Erindið var grenndarkynnt frá 25.02.2026 til 25.03.2026. Lögð fram svör við athugasemdum ásamt uppfærðri tillögu.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að breytingu á deiliskipulagi

8. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi

Fulltrúi Framsóknarflokks óskar eftir málinu á dagskrá. Til umræðu.

9. 1812064 - Reglur um frístundastyrki

Fulltrúi Miðflokksins óskar eftir málinu á dagskrá. Til umræðu.

Fundargerðir

10. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 16.september sl.

a. Fundargerðir íþróttar- og tómstundaneftirbýlar frá 25. ágúst og 8.september sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.september sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 15.september sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 17.september sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2. september sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2.september sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst sl.

d. Fundargerðir orkusveitarfélaga frá 27.apríl, 18.júní og 21. ágúst sl.

e. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 24.ágúst og 11. september sl.

f. Fundargerð 56. eigendafundar Sorpu bs. frá 7.september sl.

g. Fundargerð stjórnar SSH frá 7.september sl.

h. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 28.ágúst sl.

i. Fundargerð 56. eigendafundar Strætó bs. frá 7.september sl.

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 16. og 22. september sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 21. september sl.

25.09.2026

Þórður Þórarinsson bærarstjóri